


nar verðlaun, þar á meðal menningarverðlaun DV.

lsstaðir, Gallerí Svart á hvítu:

Þorgils á tvenn-vígstöðvum

inginn rekur þar áfram eftir vindi og ýmist bjargast hann eða ferst eftir því sem heildarmyndin krefst. Í innri heiminum er ég sköpunin og velti heimssögulegum atburðum, þar geta persónuleg atriði sem virðast smá í ytri veröldinni orðið aðalatriði."

Helgi lauk námi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1976. Þá lá leið hans til Hollands þar sem hann nam í þrjú ár í viðbót. Hann hefur verið búsettur í Reykjavík síðan. Hann hefur hlotið margs konar viðurkenningar, þar á meðal menningarverðlaun DV, og tekið þátt í samsýningum og haldið fjölda einkasýninga. Fyrstu einkasýningu sína hélt hann í Output í Reykjavík árið 1975 og hefur haldið einkasýningar víða um heim.

Sýning Helga Þorgils í Gallerí Svart á hvítu er opin alla daga nema mánudaga frá 14.00 til 18.00 og stendur til 20. september en þá lýkur einnig sýningu hans á Kjarvalsstöðum.

Norræna húsið:


Gullsmíðasýning danskra listamanna

Gullsmiðirnir Henrik Bløndal Bengtsson og Ulrik Jungersen opna sýningu á laugardag í Norræna húsinu og stendur hún til fjórða október. Að sögn hefur það verið draumur þeirra beggja um árabil að setja upp sýningu á Íslandi og eru þeir því hæstánægðir með að draumur þeirra er að rætast nú.

Henrik Bløndal er fæddur 1960 og lauk námi sínu sem útlærður gullsmiður hjá Ole Lynggaard í Kaupmannahöfn. Hann er meðeigandi í gullsmíðaverkstæði sem nefnist Okker Otte og hefur haldið margar sýningar á síðustu tveimur árum vítt og breitt um Evrópu.

Ulrik útskrifaðist frá gullsmiðunum Helgu og Bent Exner árið 1981 og hefur síðan dvalið í Þýskalandi, Danmörku og Svíþjóð þar sem hann hefur unnið og sýnt list sína. Hann hefur haldið einar fimm einkasýningar.

Þeir hafa báðir helgað sig stærri munum og listaverkum úr góðmálmum.



Brjóstnál eftir Ulrik Jungersen úr silfri og 24 karata gulli verður meðal annarra hluta til sýnis í Norræna húsinu fram í október.

„Dreams that money can bay":

Klippimyndir Kristjáns í Gallerí Hallgerði

Um þessar mundir stendur yfir í Gallerí Hallgerði við Bókhlöðustíg sýning á verkum Kristjáns Kristjánssonar myndlistarmanns sem ber yfirskriftina „Dreams that money can buy". Efni myndanna er sótt í heim draums og veruleika. Hugmyndum safnar hann saman og finnur út myndir sem gefa þessum hugsunum tákn, klippir þær og skeytir saman. Úr verður mynd þar sem raunveruleikinn og fantasían birtast eins og þau koma Kristjáni fyrir sjónir.

Hann segist fæddur á sólardegi á Patreksfirði, í vantsbera, árið 1950 og nam bæði hér á landi og í Stokkhólmi.

Þessi sýning er sjötta einkasýning Kristjáns og stendur hún til 13. september. Sýningin er opin frá 14.00 til 18.00 sýningardagana.

Upplýsingar og farmiðasala á skrifstofu FÍ, Öldugötu 3. Brottför í ferðirnar er kl. 20.00 föstudag.

Ferðafélag Íslands.

Útivistarferðir

Helgarferðir 4.–6. september.

1. Kl. 20.00 Þórsmörk – Goðaland. Góð gisting í Útivistarskálunum, Básum. Gönguferðir við allra hæfi. Fararstjóri: Bjarki Harðarson.

2. Kl. 20.00 Haustferð á Kjöl. Gist í skála á miðjum Kili. Göngu- og skoðunarferð um Þjófadali, Hveravelli og Kerlingarfjöll. Slóðir Fjalla-Eyvindar. Farið á grasafjall.

Upplýsingar og farmiðar á skrifstofunni, Grófinni 1, símar: 14606 og 23732.

Sjáumst, Útivist.

Útivistarferðir

Sunnudagur 6. september

Kl. 8.00 Þórsmörk, dagsferð. Stansað í 3–4 klst. í Mörkinni. Verð kr. 1.000,-

Kl. 10.30 Klóarvegur – Villingavatn. Gengin gamla þjóðleiðin frá Hveragerði í Grafning. Verð kr. 700,-

Kl. 13.00 Grafningur – Hagavík. Berjaferð og létt ganga um fjölbreytt land, sunnan Þingvallavatns. Verð kr. 600,- Frítt fyrir börn í fylgd með fullorðnum í ferðirnar. Brottför er frá BSÍ, bensínsölu.

Sjáumst, Útivist.

Dagsferðir sunnudaginn 6. sept.:

1) kl. 09 – Svartagil – Hvalvatn – Botnsdalur.
Fyrst er ekið að Svartagili í Þingvallasveit og síðan gengið þaðan meðfram Botnssúlum, Hvalvatni og í Botnsdal. Verð kr. 800,00.

2) kl. 13 – Glymur í Botnsá (198 m)
Ekið að Stóra-Botni í Botnsdal, síðan gengið upp með Botnsá að Glym, sem er hæsti foss landsins. Verð kr. 600,00.

Brottför frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin. Farmiðar við bíl. Frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna.

Til athugunar: Dagsferðir í Þórsmörk verða **sunnudaginn 13. sept. og sunnudaginn 20. sept.** Verð kr. 1.000. Dvalið um 3½ klst. í Þórsmörk og farnar gönguferðir.

Feðafélag Íslands

Sýningar

Árbæjarsafn

Meðal nýjunga á safninu er sýning á gömlum slökkviliðsbílum og sýning frá fornleifagrefti í Reykjavík og Reykjavíkurlíkönum. Opið alla daga nema mánudaga kl. 10–18.

Ásgrímssafn,

Bergstaðastræti 74

Sumarsýning safnsins er opin alla daga nema laugardaga kl. 13.30–16.

Ásmundarsafn

við Sigtún

Um þessar mundir stendur yfir sýningin Abstraktlist Ásmundar Sveinssonar. Þar gefur að líta 26 höggmyndir og 10 vatnslitamyndir og teikningar. Þá er einnig til sýnis videomynd sem fjallar um konuna í list Ásmundar Sveinssonar. Þá eru til sölu bækur, kort, litskyggnur, videomyndir og afsteypur af verkum listamannsins. Safnið er opið daglega yfir sumarið kl. 10–16.

Ásmundarsalur v/Sigtún

Ragna Sigrúnardóttir sýnir málverk í Ásmundarsal. Á sýningunni eru 20 verk, olíu- og vatnslitamyndir. Myndefnið er allt sótt í kvikmyndir. Sýningin er opin frá kl. 14–22 um helgar og kl. 16–22 virka daga. Henni lýkur 23. ágúst.

FÍM-salurinn,

Garðastræti 6.

Samband íslenskra myndlistarmanna hefur opnað myndlistarsýningu sem haldin er í FÍM salnum og stendur til 27 sept. n.k. Meðal þeirra sem verk eiga á sýningunnio eru; Hringur Jóhannesson, Ragnheiður Jónsdóttir, Borghildur Óskarsdóttir, Ágúst Petersen, Ása Ólafsdóttir, Jón Reykdal, Jóhanna Bogadóttir, Guttormur Jónsson, Björg Guttormsdóttir og Guðbergur Auðunsson.

Gallerí Borg,

Pósthússtræti 9

Í Gallerí Borg sýna Gestur Þorgrímsson og Sigrún Guðjónsdóttir. Rúna sýnir leirmyndir og teikningar, sem unnar eru á tveimur síðustu árum, en Gestur sýnir afrakstur þess að höggva í stein og er elsta verk hans frá 1949. Sýningin er opin virka daga kl. 10 til 18 og frá 14 til 18 um helgar. Henni lýkur 15 september.

Gallerí Grjót,

Skólavörðustíg

Samsýning í tilefni 4 ára starfsafmælis gallerísins stendur yfir. Á sýningunni eru skúlptúrar, málverk og grafík. Þeir sem að sýningunni standa eru Jónína Guðnadóttir, Magnús Tómasson, Ófeigur Björnsson. Ragnheiður Jónsdóttir, Steinunn Þórarinsdóttir, Þorbjörg Höskuldsdóttir og Örn Þorsteinsson. Sýningin er opin virka daga frá kl. 12–18.

Gallerí List,

Skipholti 50,

nýr sýningarsalur og listmunaverslun. Sýnd eru verk eftir 14 íslenska listamenn, málverk, keramik, postulín, grafík, vefnaður, skúlptúr og glerlist. Einnig eru þar til sölu erlendir listmunir. Opið virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 10–12.

Gallerí Svart á hvítu

við Óðinstorg

Helgi Þorgils Friðjónsson sýnir grafík- og vatnslitamyndir. Sýningin er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14 til 18 og stendur til 20 september.

Gallerí 119

v/JL húsið

Þar eru til sýnis plaköt og verk eftir þekkta listamenn. Opnunartími er mánudaga til föstudaga kl. 12–19, laugardaga kl. 12–18 og sunnudaga kl. 14–18.

Gallerí Hallgerður

Kristján Kristjánsson sýnir í Gallerí Hallgerði, Bókhlöðustíg 2, klippimyndir og ber sýningin yfirskriftina „Dreams that money can buy,". Sýningin sem er sölusýning er opin 2 til 6, og henni lýkur 13 september.

Gallerí Íslensk list,

Vesturgötu 17

Þar stendur yfir samsýning Listmálarafélagsins. Þar eru sýnd verk 14 þekktra listamanna. Þetta er sölusýning. Sýningin er opin mánudaga til föstudaga kl. 9–17 og lýkur henni 20. september.

Gallerí Langbrók, Textíll,

Bókhlöðustíg 2,

textílgallerí. Til sýnis vefnaður, tauþrykk, myndverk, módelfatnaður og fleiri listmunir. Opið þriðjudaga til föstudaga kl. 12–18 og laugardaga kl. 11–14.

Langbrók,

Bókhlöðustíg 2,

Textílgalleríið, sýnir vefnað, tauþrykk, myndverk, módelfatnað og fleiri listmuni. Opið er þriðjudaga til föstudaga kl. 12 til 18 og laugardaga kl. 11 til 14

Kjarvalsstaðir

við Miklatún

Sýning Seotemhópsins er í vestursal Kjarvalsstaða og stendur hún til 19. september. Einnig verður opnuð á laugardag kl. 14 sýning á olíumálverkum Helga Þorgils Friðjónssonar og stendur hún til 20. september.

Listasafn ASÍ,

Grensásvegi

Listasafn ASÍ og Verkamannafélagið Dagsbrún standa að samsýningu fjögurra fristundalistamanna í Dagsbrún sem haldin verður í salarkynnum Listasafns ASÍ dagana 29. ágúst til 13. september. Þeir listamenn sem þátt taka í sýningunni eru: Birgir Nurmann Jónsson, Eggert Magnússon, Jón Haraldsson og Pétur Hraunfjörð. Sýningin er opin virka daga frá 16.00 til 20.00 en um helgar kl. 14.00 til 22.00.

Listasafn Einars Jónssonar

við Njarðargötu

er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13.30–16. Höggmyndagarðurinn er opinn daglega frá kl. 10–17.

Listasafn Háskóla Íslands

í Odda, nýja hugvísindahúsinu, er opið daglega kl. 13.30–17. Þar eru til sýnis 90 verk í eigu safnsins, aðallega eftir yngri listamenn þjóðarinnar. Aðgangur að safninu er ókeypis.

DV ER SMÁAUGLÝSINGA BLAÐIÐ
SÍMINN ER 27022